

Nd.

56. Frumvarp til laga

[50. mál]

um breyting á lögum um verndun fornmenja, nr. 40 16. nóv. 1907.

Flm.: Einar Olgeirsson.

1. gr.

2. gr. laganna breytist þannig:

Á eftir e-lið bætist einn nýr liður, er verður f-liður, svo hljóðandi:

Öll þau hús, sem byggð eru fyrir 1874.

2. gr.

Á eftir 9. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi, og verði hún 10. gr. og breytist töluröð greinanna samkv. því:

Þegar um er að ræða hús, sem byggð eru fyrir 1874 og notuð eru enn, skal sú skylda hvíla á eiganda að halda þeim við. Séu slík hús eigi notuð eða sé viðhald þeirra vanrækt, er það réttur og skylda ríkisins að halda þeim við á sinn kostnað, svo og að gera á þeim þær endurbætur, er í engu spilli gildi þeirra sem söguminjum, en nauðsynlegar eru til viðhalds.

Sé um að ræða hús, sem um leið eru vel fallin til að sýna þau sem sögulegar minjar, skal eiganda skylt að semja við ríkisstjórnina um slíka sýningarstöðu.

Óski ríkisstjórn eftir að kaupa slík hús, sem um ræðir í f-lið 2. gr., til varðveislu eða óski eigandi eftir að selja þau ríkinu, skal fara um mat á þeim eftir 6. gr. laga þessara.

Þó er þjóðmenjaverði heimilt, ef sérstaklega stendur á að hans álit, að leyfa, að slík hús séu flutt, ef þess er sérstaklega óskað, eða jafnvel rífa þau, ef þjóðmenjavörður álitur einskisvirði að halda þeim við.

Greinargerð.

Land vort er fátækt að fornmenjum, og meir og meir eyðileggst með ári hverju af þeim fáu húsum og mannvirkjum, sem reist voru á fyrstu 1000 árum Íslandsbyggðar.

Sú mikla og hraða þjóðfélagsbylting, sem gerzt hefur á þessari öld og gerbreytt þjóð vorri úr rótgróinni bændapjóð í borgapjóð, sem enn er í deiglu, veldur því, að líta verður allt öðrum augum á fornmenjar en gert var 1907, er núgildandi lög voru sett. Fyrstu þúsund árin af Íslandsbyggð hafa svo margt sameiginlegt, að óhjákvæmilegt er að reyna að vernda öll mannvirki frá þeim tíma eins og oss frekast er unnt, og er þó því miður hætta á, að um margt sé nú orðið um seinan. Vitað er, að sögulega dýrmæt hús liggja víða undir skemmdum eða eru jafnvel rifin, og eru það vissulega helgisþjöll, sem eigi má þola. Sama gildir og þegar verið er að gerbreyta gömlum listrænt húsum svo, að þau samsvari smekkleysi nýríkrar yfirstéttar eða þjóni verzlunarhagsmunum kaupmanna. Allt á slíkt skylt við að nota skinnhandrit til skóbóta, nema hvað fátæktin er ekki lengur til afsökunar.

Því er það lagt til í þessu frv., að öll hús byggð fyrir 1874 séu tekin inn undir lög um fornmenjar, sett á skrá yfir fornleifar af þjóðmenjaverði og farið með þau að lögum um verndun fornmenja.